

## AUGLÝSING

### um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

*Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 4 – Asparskógar 3.*

Bæjarráð Akraness í umboði bæjarstjórnar samþykkti 14. júlí 2021 breytingu á deiliskipulagi Skógarhverfis áfangi 4. Með breytta deiliskipulaginu er byggingarreit breytt og hann stækkaður um 41,5 m<sup>2</sup>, engin breyting er gerð á nýtingarhlutfalli. Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag Sementsreits – lóðir við Suðurgötu.*

Bæjarráð Akraness í umboði bæjarstjórnar samþykkti 14. júlí 2021 breytingu á deiliskipulagi Sementsreits er varðar m.a. lóðir við Suðurgötu frá 92-118 sem fá rýmri byggingarreit, ásamt auknu byggingarmagni á Suðurgötu 110 og 112. Heimilt er að fjarlægja hús við Suðurgötu 108.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag Sementsreits – götur.*

Bæjarráð Akraness í umboði bæjarstjórnar samþykkti 14. júlí 2021 breytingu á deiliskipulagi Sementsreits, sem felst m.a. í að byggð er aðlöguð að veghönnun Faxabrautar, einstefnugötur verða frá Faxabraut, djúpgámum komið fyrir og spennistöðvar staðsettar. Fjöldi íbúða miðast við meðalstærð, 100 m<sup>2</sup>. Skilmálatafla er uppfærð vegna fækkunar stæða í götu og fjölgunar íbúða. Skýringarmynd um veghelgunarsvæði er bætt við.

Deiliskipulagsbreytingin er samþykkt skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Deiliskipulag Flóahverfis – dælistöð.*

Bæjarráð Akraness í umboði bæjarstjórnar samþykkti 14. júlí 2021 breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis, þar sem skilgreind er lóð fyrir dælistöð.

Deiliskipulagsbreytingin var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Akranesi, 18. júlí 2021.*

**Hafdís Sigurþórsdóttir,**  
fulltrúi skipulags- og umhverfissviðs.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. júlí 2021